

ENDURGREIÐSLUR ÚR RÍKISSJÓÐI  
Á GRUNDEVILLI  
FÉLAGSÞJÓNUSTULAGANNA  
40/1991 (15. GR.)  
REGLUGERÐ NR. 520/2021

*Fjölmenningarsetur*



**Fjölmenningarsetur**  
Multicultural Information Centre

## ENDURGREIÐSLUHEIMILDIR

### Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

15. gr. félagsþjónustulaga:

- Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitafélagi að höfðu samráði við ráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.
- Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í eftirfarandi tilvikum:
  - a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.
  - b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12. – 13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

## SÉRSTÖK TILVIK – VINNA Á VETTVANGI

Reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi nr. 520/2021

- Ráðgjafi hjá sveitarfélagi metur aðstæður viðkomandi. Ef mat hans er að aðstæður einstaklings falli undir a. lið 15. greinarinnar þarf að sækja um endurgreiðslu til Fjölmenningsseturs.
- *a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.*
- Sækja þarf um endurgreiðslu **fyrirfram** á rafrænu formi, sem er að finna á umsóknarvef fjölmenningsseturs.

## FORSENDA ENDURGREIÐSLA

- Í sérstökum tilvikum, (erlendra ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili hér á landi).
- Hægt er að veita EES- eða EFTA-borgara aðstoð í sérstökum tilvikum, sbr. **4., 5. og 7. tölul. 3. gr.** enda sé viðkomandi talinn óvinnufær vegna heilsufarsástæðna eða annarra sérstakra aðstæðna sem hann er í hér á landi. Sé EES-borgari vinnufær skal upplýsa hann um rétt hans til að starfa hér á landi.
- Aðstoðin er veitt í sérstökum tilvikum þegar fyrirsjáanlegt er að einstaklingur hefur ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér hér á landi án aðstoðar íslenskra stjórnvalda.
- Dvalarsveitafélag veitir aðstoð samkvæmt reglum 520/2021. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélaginu útlagðan kostnað ef samþykkt liggur fyrir.

## EES / EFTA -BORGARA

Skv. [Lög um útlendinga 80/2016](#) eigi að vísa EES borgurum sem ekki uppfylla eftirfarandi skilyrði úr landi, og þá má sækja um endurgreiðslu á aðstoð til brottfarar frá Íslandi eða til dvalar á landinu í sérstökum tilvikum sbr. reglur nr. 520/2021. (4., 5. og 7. tölul. 3. gr)

### **84. gr. Réttur til dvalar lengur en í þrjá mánuði fyrir EES- eða EFTA-borgara.**

EES- eða EFTA-borgari hefur rétt til dvalar hér á landi lengur en þrjá mánuði ef hann fullnægir einhverju af eftirtöldum skilyrðum:

- a. er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hér á landi,
- b. ætlar að veita eða njóta þjónustu hér á landi og uppfyllir jafnframt skilyrði c-liðar, eftir því sem við á,
- c. hefur nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar á meðan á dvöl stendur og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir,

Skv. þessu er endurgreiðslu á fjárhagsaðstoð fyrir EES borgara hafnað undir 2 ára reglunni

## 3. GR. SÉRSTÖK TILVIK

Aðstoð til brottfarar frá Íslandi eða til dvalar á landinu er veitt í sérstökum tilvikum, sbr. 2. mgr. 1. gr., ef a.m.k. eitt af eftirfarandi atriðum á við:

1. Á tímabili frá því dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar hefur verið veitt þar til lögheimili hefur verið skráð og einstaklingur nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar.
2. Veitt hefur verið dvalar- og atvinnuleyfi til bráðabirgða og viðkomandi getur ekki framfleytt sér án aðstoðar. Leggja skal áherslu á að þetta tímabil vari sem styst og einstaklingur sé í virkri atvinnuleit.
3. Vegna fjölskyldusameiningar á tímabilinu frá því nánustu aðstandendur einstaklings, sem hefur dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar, koma til landsins uns lögheimili hefur verið skráð.
4. Beðið er eftir að ákvörðun stjórnvalda um að einstaklingur yfirgefi landið komi til framkvæmda. Getur einnig átt við í ákveðnum tilvikum þrátt fyrir að ákvörðun stjórnvalda um að einstaklingur eigi að yfirgefa landið liggja ekki fyrir, til dæmis þegar fangi hefur fengið reynslulausn.
5. Einstaklingur getur ekki yfirgefið landið vegna meðferðar sakamáls, svo sem ef í gildi er úrskurður um farbann skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eða honum er skylt að tilkynna sig til lögreglustjóra eða dveljast á tilteknum stað skv. 114. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.
6. Umsókn einstaklings um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar hefur verið synjað og ákvörðun stjórnvalda um að hann skuli yfirgefa landið getur ekki komið til framkvæmda.
7. Ófyrirsjáanleg áföll í lífi einstaklings hafa átt sér stað meðan á dvöl hans stóð og/eða barn/börn eru með í för og fólkið getur ekki ferðast til heimaríkis af eigin rammleik.

# VIÐMIÐ VEGNA FJÁRHAGSAÐSTOÐAR SAMKVÆMT REGLUR 520/2021.

Greiðslur til einstaklings sem nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Vinnumálastofnunar sem veitt er á vegum sveitarfélags skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. gr. miðast við reglur sveitarfélags um fjárhagsaðstoð hverju sinni.

Fyrir aðra skulu eftirfarandi viðmið notuð, eftir því sem við á, hverju sinni

## Fvlgiskjal.

### VIÐMIÐ

um fjárhagsaðstoð, sbr. 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur aðstoðar úr ríkissjóði.

Greiðslur til einstaklings sem nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar sem veitt er á vegum sveitarfélags skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. gr. miðast við reglur sveitarfélags um fjárhagsaðstoð hverju sinni. Fyrir aðra skulu eftirfarandi viðmið notuð, eftir því sem við á, hverju sinni<sup>1</sup>:

1. Full grunnfjárhæð greidd<sup>2</sup>: Einstaklingur greiðir sjálfur fyrir fæði og húsnæði. Þegar einstaklingur þarf óhjákvæmilega að greiða háa fjárhæð vegna húsnæðis, svo sem á gistiheimili og annað húsnæði er ekki í boði, greiðir félagsþjónusta sveitarfélags húsnæðiskostnað beint til rekstraraðila og er þá að öðru leyti miðað við aðstæður og greiðslur í samræmi við 2., 3. eða 4. lið hér á eftir og greitt samkvæmt þeim. Áhersla er lögð á að húsnæðiskostnaði sé haldið í lágmarki og greiðsla skilyrt við lægsta gjald.
2. Einstaklingur greiðir sjálfur fyrir fullt fæði en þarf ekki að greiða fyrir húsnæði eða húsnæðiskostnaður er greiddur af félagsþjónustu sveitarfélags: 35% af grunnfjárhæð að hámarki.
3. Einstaklingur greiðir fyrir fæði án morgunverðar en morgunverður er innifalinn í húsnæðiskostnaði sem greiddur er af öðrum: 30% af grunnfjárhæð að hámarki.
4. Einstaklingur greiðir hvorki fyrir fæði né húsnæði sem er veitt án þess að umsækjandi greiði sjálfur fyrir: 15% af grunnfjárhæð<sup>3</sup> að hámarki:

Taflan miðast við greiðslur fyrir einn mánuð:

			1.	2.	3.	4.
			100%	35%	30%	15%
Einstaklingur	Grunnfjárhæð	x 1,0	179.206 kr.	62.722 kr.	53.762 kr.	26.881 kr.
Tveir í fjölskyldu	"	x 1,6	286.730 kr.	100.355 kr.	86.019 kr.	43.009 kr.
Þrír í fjölskyldu	"	x 1,8	322.571 kr.	112.900 kr.	96.771 kr.	48.386 kr.
Fjórir í fjölskyldu	"	x 2,0	358.412 kr.	125.444 kr.	107.524 kr.	53.762 kr.
Greiðsla á dag fyrir einstakling			5.974 kr.	2.091 kr.	1.792 kr.	896 kr.

Þegar aðstoð nær til fleiri einstaklinga úr sömu fjölskyldu skal miða við eftirfarandi: Tveggja manna fjölskylda, hvort sem um börn eða fullorðna er að ræða, fær 1,6 af grunnfjárhæð, þriggja manna 1,8, fjögurra manna 2,0 og svo framvegis og nemur hækkun vegna hvers einstaklings 0,2.

Heimferðarkostnaður skal metinn í hverju tilviki og leitast við að halda honum í lágmarki.

# SÉRSTÖK SKILYRÐI FYRIR AÐSTOÐ TIL FARAR ÚR LANDI EÐA VEGNA DVALAR.

- **För úr landi:** ganga úr skugga um 1. einstaklingur geti hvorki framfleytt sér sjálfur né greitt fargjald. 2. að hann fái ekki aðstoð til brottfarar frá ríkisfangslandi /landi þar sem hann á lögheimili, frá fjölskyldu, sendiráði, öðru stjórnvaldi eða öðrum aðila á Íslandi.
- **Dvöl í landinu:** enda aðstæður þannig að ekki sé annað fyrirsjáanlegt en að einstaklingur þurfi að dvelja á landinu um ákveðinn eða óákveðinn tíma. Skilyrði að fullkannað sé, innan lands sem utan, að einstaklingur geti 1. ekki sjálfur framfleytt sér meðan á dvöl hans stendur landi og 2. ekki sé möguleiki á aðstoð frá (sjá hér að ofan)



# AÐSTOÐ SEM VEITT ER OG ENDURGREIDD ÚR RÍKISSJÓÐI.

- Með aðstoð til brottfarar úr landi er átt við fjárhagsaðstoð til framfærslu, greiðslu fyrir húsnæði/gisting fram að brottför og greiðslu ferðakostnaðar frá landinu.
- Með ferðakostnaði er átt við heildarkostnað, þar með talið flugfargjald, ferð að brottfararstað og eftir atvikum nauðsynlega vasapeninga fyrir tilfallandi kostnaði meðan á ferðinni stendur.
- Með aðstoð vegna dvalar í landinu er átt við fjárhagsaðstoð vegna framfærslu og greiðslu fyrir húsnæði, túlkþjónusta.
- **Kappkosta skal að halda ferða- og dvalarkostnaði samkvæmt ákvæði þessu í lágmarki.**
- Almenn er kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja ekki endurgreiddur. Í undantekningartilvikum eru lyfseðilsskyld lyf endurgreidd enda sé um að ræða nauðsynlega aðstoð, þ.e. aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur sé tekið mið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar, ( nr. 1455/2020)

## MÁLSMEDFERÐ

- Einstaklingur sækir um aðstoð þar sem hann dvelur. Málsmeðferð fer eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og stjórnarsýslulögum. (ath. 12. 13. 14. gr)
- **Við veitingu fjárhagsaðstoðar skal farið eftir viðmiðum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr.**
- Þörf fyrir aðstoð metin. Félagþjónusta ákveður hvort aðstoð fellur undir reglur þessar og metur þörf á aðstoð, þar á meðal samkvæmt viðmiðum 3. gr. **Áður en ákvörðun er tekin aflar félagsþjónustan** upplýsinga um stöðu umsækjanda hjá Útlendingastofnun og/eða lögreglu, síðan hjá sendiráði eða ræðismanni ríkisfangslands (s.s. ganga úr skugga um að skilyrði 5. og 6. gr. séu uppfyllt.)
- Þegar aðstoð er ákveðin skal sérstakt tillit tekið til barnafjölskyldna. Leitað skal eftir áliti og aðstoð barnaverndaryfirvalda.

# SAMÞYKKI UM ENDURGREIÐSLU ÚR RÍKISSJÓÐI.

- Félagsþjónusta sækir um heimild til endurgreiðslu úr ríkissjóði til Fjölmenningarseturs á þar til gerðu umsóknarformi.
- Aðstoð skal ekki veitt fyrir en samþykki stofnunarinnar liggur fyrir. Í undantekningartilvikum, þegar ekki er unnt að fá samþykki svo sem vegna helgidaga, skal greiðsla engu að síður eiga sér stað en þó aldrei fyrir lengri tíma en til næsta virka dags.
- Í umsókn skal meðal annars tilgreina tímabil sem gert er ráð fyrir að einstaklingur njóti aðstoðarinnar, þó að hámarki 3 mánuðir og einnig skal tilgreina hámarksfjárhæð aðstoðar vegna gistingar.
- Vari þörf fyrir aðstoð lengur en tilgreint tímabil, fjárhæð aðstoðar hækki eða aðstæður umsækjanda breytist þarf að sækja um heimild til endurgreiðslu að nýju.
- Félagsþjónustu sveitarfélags ber þó, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði að meta hvort enn er þörf fyrir aðstoð og hvort skilyrði fyrir aðstoðinni séu uppfyllt skv. 9. gr. reglnanna.

# UMSÓKN

- <https://www.mcc.is/fagfolk/endurgreidslur-til-sveitarfelaga/>
- Leiðbeiningar vegna umsókna til Fjölmennningarseturs í tengslum við endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar við erlenda ríkisborgara

# ENDURGREIÐSLA FYRSTU TVÖ ÁRIN EFTIR LÖGHEIMILISSKRÁNINGU

- Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks 2014
- Reglur um fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags (heimildagreiðslur)
- Einnig töluliði 1 og 3
- *b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12. – 13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.*

## FRAMKVÆMD VEGNA ENDURGREIÐSLUNNAR – SÉRSTÖK TILVIK

- Mikilvægt að tryggja lögheimilisskráningu
- Dagsetning leyfisveitingar
- Ekki EES/EFTA ríkisborgarar
- Einungis fjárhagsaðstoð sem fæst endurgreidd ef það er í samræmi við gildandi reglur og rúmist innan 2ja ára tímabilsins, þ.e. að ekki séu liðin meira en tvö ár frá skráningu lögheimilis inn í landið.
- Mikilvægt er að bóka allt skýrt í fjárhagskerfið þannig að einfalt sé að kalla fram þá fjárhagsaðstoð sem fæst endurgreidd og keyra út eða fylla út yfirlit samkvæmt bókhaldi sveitarfélags vegna uppgjörs

## GOLDEN RULES

- Gæta jafnræðis (ekki bara vegna endurgreiðslu)
- Leiðbeinandi reglur – lesa vel og passa upp á orðalag
- „Þessum leiðbeinandi reglum er ætlað að vera til viðmiðunar og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög og aðra þjónustuaðila sem og flóttafólki til upplýsinga.“
- Markmiðið með þjónustunni er að tryggja árangursríka aðlögun flóttafólks að íslenskum aðstæðum og samhliða stuðla að því að samfélagið komi til móts við þarfir þess. (sérstöðu flóttafólks)
- „**Sveitarstjórnir geta sett nánari reglur um þjónustuna.** Má þar nefna skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og einnig eigin reglur um fjárhagsaðstoð“

## DÆMI

- Þegar um barnafjölskyldur er að ræða *er lagt til* að lögheimilissveitarfélag greiði forsjáraðila fjárhæð sem nemur barnabótum á hverjum tíma í samræmi við reglugerð um greiðslu barnabóta
- Aðstoða ber barnafjölskyldur með sérstakri fjárhagsaðstoð vegna kostnaðar fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í skipulögðu frístundastarfi, *í samræmi við reglur hvers sveitarfélags.*
- *Leitast beri* við að veita foreldrum sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar *í samræmi við reglur hvers sveitarfélags.*
- Miða skal við að *styrkja fjölskyldur flóttamanna sem koma á grundvelli fjölskyldusameiningar, skv. 2. tölul. 1. mgr. inngangskaflans, til að greiða fyrir lækniþjónun, sem nauðsynleg er fyrir heilbrigðisvottorð sem Útlendingastofnun krefst svo hægt sé að fá dvalarleyfi útgefið, enda hafi fjölskyldan ráðstöfunarfé sem nemur viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sveitarfélags.*



# AÐSTOÐ VEGNA FJÖLSKYLDUSAMEININGAR.

9. gr. Aðstoð vegna fjölskyldusameiningar.

**Heimilt er að veita tekjulágu flóttafólki styrk** vegna fjölskyldusameiningar skv. 2. tölul. 1. mgr. inngangskaflans. Á þetta **eingöngu við um einstaklinga sem tilheyra kjarnafjölskyldu** flóttamanns þegar fyrsta dvalarleyfi er veitt. Eingöngu kemur til greina að veita styrk ef **Útlendingastofnun hefur samþykkt umsókn um dvalarleyfi** á grundvelli ofangreindrar fjölskyldusameiningar. Veittur er styrkur sem nemur **allt að 75% af heildarkostnaði vegna flugfargjalds**. Ákvörðun um aðstoð skal tekin af félagsþjónustu sveitarfélags í samráði við velferðarráðuneytið, enda sé **umsókn lögð fram innan tveggja ára frá lögheimilisskráningu**.

## AÐSTOÐ VEGNA FJÖLSKYLDUSAMEININGAR

- 6. gr. Inntak félagslegrar aðstoðar við flóttafólk
- f. Styrk til greiðslu læknisskoðunar á göngudeild sóttvarna.
- i. Miða skal við að styrkja fjölskyldur flóttamanna sem koma á grundvelli fjölskyldusameiningar, skv. 2. tölul. 1. mgr. inngangskafans, til að greiða fyrir læknisskoðun, sem nauðsynleg er fyrir heilbrigðisvottorð sem Útlendingastofnun krefst svo hægt sé að fá dvalarleyfi útgefið, enda hafi fjölskyldan ráðstöfunarfé sem nemur viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sveitarfélags.

[Þjónustugátt](#)

- Samtal og spurningar?